



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

20. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 21. október 2024 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2024

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárfestingaáætlun ársins 2024.

Lagt fram til kynningar.

2. Vesturbyggð 1. áfangi

a. Fundargerð verkfundar nr. 11 dags. 26.09.2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b. Fundargerð verkfundar nr. 12 dags. 10.10.2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Hreinsistöð á Borg - Niðursetning

a. Fundargerð verkfundar nr. 3 dags. 26.09.2024

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b. Fundargerð verkfundar nr. 4 dags. 10.10.2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Íþróttamiðstöð á Borg – viðbygging

a. Fundargerð verkfundar nr. 3 dags. 05.09.2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b. Fundargerð verkfundar nr. 4 dags. 19.09.2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

c. Fundargerð verkfundar nr. 5 dags. 03.10.2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Minnisblað dags. 24.09.2024 um fund fulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps með fulltrúum Vegagerðarinnar.

Fyrir liggur minnisblað um fund fulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps með fulltrúum Vegagerðarinnar. Á fundinum var m.a. rætt um nauðsyn þess að fá nýtt hringtorg vestan við Borg til að bæta umferðarflæði inn á nýja íbúða- og þjónustubyggð. Þá var rætt um nýja vegtengingu að Kerinu, undirgöng við Borg milli þéttbýlis og Borgarteigs, nauðsyn þess að ljúka við að klæða 1,2 km. vegkafla við Írafoss og margt fleira.

Lagt fram til kynningar.

6. Fyrirspurnir um vatnstengingar

a. Fyrirspurn um vatnstengingu í Mosfelli

Fyrir liggur fyrirspurn um hvort mögulegt sé að veita afslátt vegna tengingar húsa í Mosfelli við vatnsveitu sveitarfélagsins. Húsin eru nú þegar tengd annarri vatnsveitu.

Framkvæmda- og veitunefnd telur ekki mögulegt að veita afslátt af tengigjöldum vatnsveitu.

b. Kvennagönguhólar – Fyrirspurn um vatnstengingu

Fyrir liggur fyrirspurn um hvort mögulegt sé að tengja nýtt frístundahúshverfi við Kvennagönguhóla við vatnsveitu sveitarfélagsins.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að gert verði ráð fyrir lagningu stofnlagnar í hverfið á árinu 2025 og gert verði ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Forsenda þess að farið verði í verkefnið er að landeigandi greiði fyrir lagningu stofnlagnar skv. 7. gr. gjaldskrár kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

7. Umsóknir um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum

Fyrir liggja 26 gildar umsóknir um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum.

Nefndin fjallaði um umsóknirnar og lagði mat á þær með hliðsjón af gildandi reglum um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að veittur verði styrkur til frístundahúsafélaga samkvæmt eftirfarandi töflu vegna þeirra framkvæmda sem framkvæmdar voru á tímabilinu 16. september 2023 – 15. september 2024.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Nafn frístundahúsafélags	Styrkupp hæð
Félag sumarhúsaeiganda v/Ásskóga	150.000
Furuborgir	100.000
ÁSAR, frístundabyggð í Búrfellslandi	200.000
Félag lóðareigenda við Herjólfstíg	225.000
FSNN - Félag sumarbústaðaeigenda í Norðurkotslandi og nágrenni	75.000
Systraásar	75.000
Félag lóðareigenda í Farengi	250.000
Klausturhóll, félag sumarhúsaeiganda	175.000
Félag sumarbústaðaeigenda í Oddsholti	150.000
Félag lóðareigenda í Miðborgum	250.000
Félag sumarhúsaeigenda við Ásgarðsbreiðu	125.000
Félag landeigenda við Mosabraut og Hrauntröð í Vaðnesi	125.000
Þristur félag landeigenda í Klausturhólum	75.000
Félag sumarhúsaeiganda við Heiðarbraut	250.000
Félag Sumarhúsaeigenda við Selmýrarveg	75.000
Bakkabyggð	150.000
Félag sumarbústaðaeigenda í landi Villingavatns	100.000
Félag sumarhúsalóðaeigenda við Syðri-Brú	150.000
Kerhraun felag frístundahúsaeigenda	250.000
Félag sumarhúsaeig v/Ásskóga	75.000
Félag sumarlóðaeigenda Ásabyggð Grímsnesi	150.000
Vatnsholtsbyggð	225.000
Hólaborgir	150.000
Efri Markarbraut og Hliðargötur	175.000
Skógarholtið okkar	175.000
Þrastaungarnir	100.000

8. Bundið slitlag á heimreiðar - umsóknir

Fyrir liggur umsókn frá eiganda lóðarinnar Fremriklettur um þátttöku í kostnaði við lagningu bundins slitlags á heimreiðina að lóðinni.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að gert verði ráð fyrir kostnaðarþátttöku í verkinu á árinu 2025 í samræmi við reglur um kostnaðarþátttöku Grímsnes- og Grafningshrepps við lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarfélaginu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:00